

RÁÐGJAFARNEFND EES

Gdansk, 16. maí 2007

ÁLYKTUN OG SKÝRSLA

um

FJÁRMAGNSKERFI EES OG NORSKA FJÁRMAGNSKERFIÐ

Skýrslugjafar:

Meelis Joost (efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna, Eistland/vinnuhópur
III – ýmsir hagsmunahópar)

André Nerheim (ráðgjafarnefnd EFTA, Noregur/verkalýðsfélög)

ÁLYKTUN UM

FJÁRMAGNSKERFI EES OG NORSKA FJÁRMAGNSKERFIÐ

Ráðgjafarnefnd Evrópska efnahagssvæðisins:

- A. að teknu tilliti til samnings milli Konungsríkisins Noregs og Evrópubandalagsins um norskt fjármagnskerfi („Þróunarsjóður Norðmanna“ í því sem hér fer á eftir) fyrir árin 2004–2009 og bókunar 38 við samninginn milli Noregs, Íslands, Liechtensteins og aðildarríkja Evrópusambandsins um að koma á fót fjármagnskerfi EES („Þróunarsjóður EFTA“ í því sem hér fer á eftir) fyrir árin 2004–2009,
 - B. að teknu tilliti til reglna og málsmeðferðar, sem gilda skulu um framkvæmd Þróunarsjóðs EFTA 2004–2009 og um Þróunarsjóð Norðmanna 2004–2009,
 - C. að teknu tilliti til viljayfirlýsingar gjafaríkjanna og styrkríkjanna,
 - D. vekur athygli á níu forgangsgeirum Þróunarsjóðs EFTA og Þróunarsjóðs Norðmanna,
 - E. vekur athygli á því að til þessa hafa umsækjendur haft aðgang að 640 milljónum evra í 18 opnum auglýsingum eftir tillögum og að gjafaríkin hafa skipt 253 milljónum evra á milli 162 umsækjenda,
1. fagnar framlagi EFTA-ríkjanna innan EES til félagslegrar og efnahagslegrar samheldni í stækkuðu EES fyrir milligöngu Þróunarsjóðs EFTA og Þróunarsjóðs Norðmanna og kann að meta þau dýrmætu tækifæri sem þetta veitir hagsmunaaðilum í styrkríkjunum,
 2. fagnar því hversu breiður hópur hagsmunaaðila á rétt á styrkjum og vekur sérstaka athygli á því að borgarasamtök, sem eru drifkrafturinn í stefnumótun varðandi félagslega samheldni og byggðapróun, eru hlutgeng á öllum stigum fjármögnunar,
 3. fagnar virkri þátttöku hagsmunaaðila úr röðum aðila vinnumarkaðarins og borgaralegs samfélags í ákvarðanatökuferlinu og hvetur viðeigandi stofnanir til að efla frekar hugmyndir um þátttöku og samráð,
 4. hvetur viðeigandi yfirvöld til að greina á milli samtaka aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka og viðurkenna það sérstaka hlutverk sem samtök aðila vinnumarkaðarins gegna, eða ættu að gegna innan EES, að því er varðar tengsl á vinnumarkaðnum, skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins og tengsl aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera,
 5. leggur áherslu á mikilvægi þess að efla skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins í aðildarríkjum ESB og EES-ríkjunum og harnar að það hafi ekki verið aðgreint forgangsatriði við mótnun þróunarsjóðanna 2004–2009, þrátt fyrir að aðilar vinnumarkaðarins í EES hafi ítrekað mælt fyrir því,

6. fagnar jákvæðri niðurstöðu tvíhliða samnings milli Noregs og Rúmeníu/Búlgaríu þar sem „stuðningur við sjálfbæra framleiðslu“ er forgangsverkefni sem ætti að nota til að efla hlutverk hagsmunaaðila úr röðum aðila vinnumarkaðarins og borgaralegs samfélags í styrkríkjunum. Með þessu væri stuðlað að framförum á sviðum eins og heilbrigðisþjónustu, öryggi, jöfnum tækifærum, skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins og sveigjanlegum vinnulausnum,
7. hvetur EFTA-ríkin innan EES til að beita áhrifum sínum sem gjafaríki og ítreka, ef nauðsyn krefur, mikilvægi þess að aðilar vinnumarkaðarins séu öflugir, svo og skoðanaskiptin milli þeirra, bæði innan núverandi þróunarsjóða og þeirra sem á eftir koma,
8. hvetur viðeigandi yfirvöld til að hraða stofnun sprotasjóða og sjóða fyrir frjáls félagasamtök í öllum styrkríkjunum og gera aðila vinnumarkaðarins að sérstökum markhóp; ef ekki reynist unnt að setja á stofn sprotasjóði í öllum styrkríkjunum ætti að beina hluta fjármögnunarinnar í að styrkja skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins í hverju landi fyrir sig,
9. hvetur styrkríkin til að meta niðurstöður umsóknarferlisins, veita þörfum umsækjenda athygli og móta í kjölfarið innlenda stefnu og fjármögnunarkerfi. Það myndi koma að góðu gagni þegar sú staða kæmi upp að umtalsverður fjöldi gæðaverkefna fengi ekki fjármagn frá þróunarsjóðum EFTA og Norðmanna,
10. harmar, enda þótt almennt sé lýst ánægju með sprotasjóði, að fé það sem pólski sprotasjóðurinn hafði til ráðstöfunar í ársbyrjun 2007 hafi þrotið viku áður en umsóknarfrestur rann út 15. febrúar 2007 vegna stöðugs matsferlis sem útilokaði nokkrar umsóknir frá aðilum vinnumarkaðarins sem höfðu verið lagðar inn áður en umsóknarfresturinn rann út, en eftir að lokað hafði verið fyrir umsóknir 9. febrúar 2007, og hvetur viðeigandi yfirvöld til að sjá til þess að slíkt hendi ekki aftur,
11. hvetur EFTA-ríkin innan EES til að veita hagsmunaðilum í ríkjunum fjármögnun í formi sprotafjár til að auðvelda þeim að veita stuðning og aðstoð við þróun hugmynda snemma í ferlinu,
12. hvetur hagsmunaaðila í EFTA-ríkjunum innan EES til virkrar þátttöku í verkefnum á öllum forgangssviðum, einkum samtök aðila vinnumarkaðarins í verkefnum sem miða að því að efla skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins í styrkríkjunum,
13. leggur áherslu á mikilvægi þess að auka skilvirkni og gegnsæi í meðferð umsókna og við samþykkt þeirra til að gæðaverkefni geti fengið fjármagn fyrir. Þetta gerir kröfu um aukið samstarf og skoðanaskipti milli gjafaríkjanna og styrkríkjanna, nauðsynlega úthlutun fjármagns hjá innlendum landsmiðstöðvum og í Brussel (skrifstofu þróunarsjóðanna (FMO) og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins), og stöðuga endurskoðun í því augnamiði að bæta málsmeðferðina,

14. fagnar pólitískri skuldbindingu EFTA-ríkjanna í EES að láta fé af hendi rakna til efnahagslegar og félagslegrar þróunar í Búlgaríu og Rúmeníu og hvetur gjafaríkin og styrkríkin til að leggja áherslu á það, í sameiginlegri viljayfirlýsingu sinni, að skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins verði gerð að sérstöku forgangsatríði á sviði „uppbyggingar mannauðs“,
 15. hvetur EFTA-ríkin innan EES til að skuldbinda sig áfram bæði pólitískt og fjárhagslega til að auka efnahagslega og félagslega samheldni innan EES, einnig eftir 2009, þótt þau séu ekki bundin af því að lögum að halda fjárveitingum sínum áfram. Mikilvægt er, til að tryggja enn frekar jákvæða þróun, að ítarlegt mat sé gert á þróunarsjóðunum á öllum sviðum og að viðræður verði hafnar sem fyrst við alla viðeigandi hagsmunaaðila, m.a. aðila vinnumarkaðarins, um hvernig best sé að móta hugsanlega sjóði eftir 2009,
 16. óskar eftir því að skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins verði gerð að aðgreindum forgangsgeira í öllu þróunarsjóðum sem koma til eftir 2009 þar sem það er eina leiðin til að tryggja betri tengsl milli samtaka aðila vinnumarkaðarins og betri tengsl aðila vinnumarkaðarins við hið opinbera í styrkríkjunum.
-

SKÝRSLA UM

FJÁRMAGNSKERFI EES OG NORSKA FJÁRMAGNSKERFIÐ

I Inngangur

1. Ráðgjafarnefnd EES hefur, í fyrri ályktunum sínum, lagt áherslu á fullan stuðning sinn við stækkun ESB og við eflingu félagslegrar og efnahagslegrar samheldni á stækkuðu Evrópsku efnahagssvæði (EES). Sameinuð Evrópa stuðlar að friði, stöðugleika og aukinni velferð og skapar fjölbreytt tækifæri fyrir hagsmunaaðila innan alls EES. Á sama tíma eykur stækkað EES þann efnahagslega mun sem er á milli mismunandi landa og svæða og mikilvægt er að bæði ESB og EFTA-ríkin innan EES leggi sitt af mörkum til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi innan stækkaðs EES. Fjárstuðningur EFTA-ríkjanna innan EES úr þróunarsjóðnum fyrir árin 1994–1998, þróunarsjóðnum fyrir árin 1999–2003 og núverandi Þróunarsjóði EFTA og Þróunarsjóði Norðmanna (2004–2009) hefur gefið, og gefur enn, fjölbreyttum hópi hagsmunaaðila í styrkríkjunum tækifæri til að taka þátt í verkefnum sem þeir hefðu ella ekki átt kost á að gera.

2. Aðilar vinnumarkaðarins innan EES hafa frá upphafi sýnt þróunarsjóðunum mikinn áhuga. Í ályktun frá 2005 ⁽¹⁾ fóru þeir fram á að samtök aðila vinnumarkaðarins tækju víðtækan þátt í þróun leiðbeinandi reglna og í vali og framkvæmd verkefna samkvæmt hinum nýju þróunarsjóðum EFTA og Norðmanna. Þeir fóru einnig fram á að sjóðirnir einbeittu sér að því að efla skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins í styrkríkjunum og að auka samvinnu milli samtaka aðila vinnumarkaðarins í styrkríkjunum og gjafaríkjunum. Aðilar vinnumarkaðarins ítrekuðu tilmæli sín á fjölda funda með viðeigandi yfirvöldum og þegar undirbúningur að þróunarsjóðunum var hafinn lýstu þeir áhyggjum sínum af því sem þeir sögðu að væri skortur á áherslu á samvinnu aðila vinnumarkaðarins og eflingu skoðanaskipta milli þeirra. Þrátt fyrir þessa viðleitni hefur lítið miðað.

3. Skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins eru lykill að traustum tengslum á vinnumarkaði; þau hafa alla burði til að leysa mikilvæg efnahagsleg og félagsleg viðfangsefni, hvetja til góðra stjórnunarháttanna, stuðla að samfélagslegum friði, ró og stöðugleika á vinnumarkaðnum og örva efnahagslega framþróun. Mikilvægt hlutverk þeirra í samfélaginu hlýtur að réttlæta að þau séu aðgreint forgangssvið í tengslum við þróunarsjóðina. Samtök aðila vinnumarkaðarins lögðu áherslu á þetta þegar í viðræðunum um stækkun EES á árinu 2003.

4. Aðilar vinnumarkaðarins innan EES telja, að þar eð þróunarsjóirnir eru nú á framkvæmdarstiginu og Búlgaría og Rúmenía að verða aðilar að EES, sé tími til kominn að huga nánar að árangrinum af starfi þróunarsjóðanna til þessa, að greina að hvaða marki samtök aðila vinnumarkaðarins og hins borgaralega samfélags, m.a. aðilar í EFTA-ríkjunum innan EES, komi að umsóknum og samþykktum verkefnum, og til að veita yfirvöldum í EES ráðgjöf um framtíð þróunarsjóðanna.

⁽¹⁾ Ályktun ráðgjafarnefndar EES „Instruments for Increased Economic and Social Cohesion in Europe“, 8. júní 2005 (tilv. 1052850)

II Aðdragandi

5. Markmiðið um efnahagslega og félagslega samheldni var kynnt til sögunnar í inngangsorðum Rómarsáttmálans árið 1957. Aðildarríki ESB urðu ásátt um að ganga skrefinu lengra árið 1987, í einingarlögum Evrópu, og taka efnahagslega og félagslega samheldni upp sem aðgreinda stefnu bandalagsins. Þegar EFTA-ríkin innan EES gerðust aðilar að innri markaðnum árið 1994 féllust þau einnig á að leggja fram fjármuni til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi innan EES. ⁽²⁾.

6. Tíu ný lönd urðu aðilar að EES í maí 2004, þ.e. Kýpur, Tékkland, Eistland, Ungverjaland, Lettland, Litháen, Malta, Pólland, Slóvakía og Slóvenía, og fjölgaði aðildarríkjunum þar með í 28. Þau hafa öll aðgang að innra markaðnum, sem einkennist af frjálssu vörufleði, frjálssu flæði þjónustu og fjármagns og frjálssri för fólks, venjulega kallað „fjórfrælsið“. Á sama tíma settu þau þrjú lönd sem eru aðilar að EES en eiga ekki aðild að ESB – Ísland, Liechtenstein og Noregur – á fót Þróunarsjóð EFTA og Þróunarsjóð Norðmanna til að styðja við félagslega og efnahagslega samheldni innan stækkaðs EES. Svisslendingar féllust jafnframt á að leggja fram fjármagn til samheldni í Evrópu með því að víkka gildissvið tvíhliða samninga Sviss og Evrópusambandsins þannig að þeir nái til nýrra aðildarríkja ESB.

7. Löndin tíu sem urðu aðilar að EES árið 2004 hafa aðgang að Þróunarsjóði EFTA, sem og Grikkland, Portúgal og Spánn. Þróunarsjóður Norðmanna beinist að ofangreindum tíu löndum sem nýlega urðu aðilar að EES. Heildarráðstöfunarfé þróunarsjóðanna tveggja fyrir árin 2004–2009 er 1,17 milljarðar evra, til að styðja við margvíslega forgangsgeira, t.d. umhverfisvernd, sjálfbæra þróun, varðveislu evrópskrar menningararfleifðar, heilbrigðismál og umönnun barna og eflingu mannauðs. Þróunarsjóður Norðmanna leggur að auki fram fé vegna innleiðingar löggjafar á sviði innra öryggis og landamæraeftirlits, innleiðingar réttarreglna bandalagsins með tækniástoð, og byggðastefnu og starfsemi sem nær yfir landamæri.

8. Fyrri úthlutanir til styrkríkja, í evrum ⁽³⁾:

Styrkríki	Þróunarsjóður EFTA	Þróunarsjóður Norðmanna	Samtals	% af heildarfjárhæð	
				Þróunarsj. EFTA	Þróunarsj. Norðmanna
Kýpur	1 260 000	3 402 000	4 662 000	0%	1%
Tékkland	48 540 000	62 370 000	110 910 000	8%	11%
Eistland	10 080 000	22 680 000	32 760 000	2%	4%
Grikkland	34 260 000	0	34 260 000	6%	0%
Ungverjaland	60 780 000	74 277 000	135 057 000	10%	13%
Lettland	19 740 000	34 020 000	53 760 000	3%	6%
Litháen	27 000 000	40 257 000	67 257 000	5%	7%
Malta	1 920 000	1 701 000	3 621 000	0%	0%
Pólland	280 800 000	277 830 000	558 630 000	47%	49%
Portúgal	31 320 000	0	31 320 000	5%	0%
Slóvakía	32 340 000	37 989 000	70 329 000	5%	7%

⁽²⁾ Þróunarsjóður 1994–1998 og þróunarsjóður 1999–2003

⁽³⁾ Tölur frá <http://www.eeagrants.org/>

Slóvenía	6 120 000	12 474 000	18 594 000	1%	2%
Spánn	45 840 000	0	45 840 000	8%	0%
Samtals	600 000 000	567 000 000	1 167 000 000	100%	100%

9. Þegar þróunarsjóðirnir voru í undirbúningi komu EFTA-ríkin innan EES og hvert styrkríki um sig sér saman um viljayfirlýsingar þar sem fastsett var á hvaða sviðum aðstoð yrði veitt, í hvaða formi, hvernig stjórnun hennar yrði háttað og hvaða rammi samvinnunni yrði settur. Hvert styrkríki setti á laggirnar landsmiðstöð, sem oft var ráðuneyti, sem skyldi bera ábyrgð á heildarframkvæmd þróunarsjóðanna, m.a. samræmingu umsókna, eftirfylgni með verkefnum og upplýsingaflæði til almennings um styrki í boði. Þetta er til marks um það lykhillutverk sem styrkríkin gegna við þróun og framkvæmd Þróunarsjóðs EFTA og Þróunarsjóðs Norðmanna.

10. Landsmiðstöðin kemur forgangstillögum, ásamt rökstuddu álit, áfram til skrifstofu þróunarsjóðanna (FMO) í Brussel, sem annast skrifstofuhald fyrir þróunarsjóðina tvo og fer vandlega yfir hverja tillögu að verkefni. Skrifstofa þróunarsjóðanna sér um að leggja endanlegt val á verkefnum fyrir þá aðila þróunarsjóðanna tveggja sem taka ákvarðanir eftir að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur farið yfir þau.

11. Þróunarsjóðirnir bjóða mismunandi aðstoð í styrkriðjunum, m.a. fyrir einstök verkefni (að jafnaði styrki sem hljóða upp á 250 000 evrur eða meira) og áætlanir (verkefnahópa), hópstyrki (fjármuni fyrir frjáls félagasamtök, námsstyrki, rannsóknir, o.s.frv.) og sprotafé (stuðning við þróun hugmynda sem lofa góðu). Að minnsta kosti 60% hreins heildarstuðnings – um 600 milljónir evra – fara til einstakra verkefna.

12. Allir opinberir aðila, aðilar úr einkageiranum eða frjáls félagasamtök, sem eru stofnuð sem lögaðili í styrkríkinu og starfa í almannapágu, geta lagt fram tillögur að verkefnum (t.d. stjórnvöld á landsvísu, héraðsstjórnir og sveitarstjórnir, mennta- og rannsóknastofnanir, umhverfisstofnanir, sjálfbóðaliðasamtök og hverfasamtök, samstarfsverkefni hins opinbera og einkaaðila). Í tengslum við þróunarsjóðina er litið svo á að samtök aðila vinnumarkaðarins séu frjáls félagasamtök og skulu ásamt öðrum sækja um styrki úr sjóðum fyrir frjáls félagasamtök. Fjármunir sem eru ætlaðir fyrir frjáls félagasamtök eru viðbótaraðstoð sem er löguð að sérstökum þörfum frjálsra félagasamtaka. Þar er gjarna um að ræða smærri verkefni sem fá minna en 250 000 evrur sem er lágmarksstyrkur fyrir einstök verkefni, opinberar stofnanir koma þar hvergi nærri og umsóknarferlið er einfaldað.

III Framkvæmdarstigið og reynsla aðila vinnumarkaðarins

A. Auglýst eftir tillögum

13. Þegar þróunarsjóðirnir höfðu verið í undirbúningi og móttun í meira en ár, hófst starfsemi þeirra rólega á árinu 2005 með því að auglýst var eftir tillögum í fyrsta sinn. Frá febrúarmánuði 2005 hafa 18 opnar auglýsingar eftir tillögum verið birtar þar sem samtals 640 milljónir evra stóðu umsækjendum til boða.

14. Sex auglýsingar eftir tillögum voru birtar á árinu 2005: á Spáni (39,5 milljónir evra), í Tékklandi (23 milljónir evra), Slóveníu (5,7 milljónir evra), Póllandi (196 milljónir evra), á Möltu (3,3 milljónir evra) og í Slóvakíu (18,6 milljónir evra). Tíu

auglýsingar eftir tillögum voru birtar 2006: í Tékklandi (27,5 milljónir evra), Slóveníu (2,8 milljónir evra), Ungverjalandi (20,9, 30 og 15,7 milljónir evra), Portúgal (12,2 milljónir evra), Eistlandi (23,2 milljónir evra), Litháen (19,9 milljónir evra), á Kýpur (2,5 milljónir evra) og í Lettlandi (17,1 milljónir evra). Það sem af er árinu 2007 hafa Pólland og Portúgal birt opnar auglýsingar eftir tillögum, að fjárhæð 177 milljónir evra, annars vegar, og 5,2 milljónir evra, hins vegar.

15. Að því er varðar aðstoð sem er beint til frjálsra félagasamtaka, hafa yfirvöld í Tékklandi og Lettlandi til þessa farið af stað með opnar auglýsingar eftir tillögum þar sem 10 milljónir evra, annars vegar, og 5,9 milljónir evra, hins vegar, eru til ráðstöfunar, en í Ungverjalandi, Litháen, Póllandi og Slóvakíu er verið að vinna að fyrstu auglýsingum eftir tillögum þar sem til ráðstöfunar eru 1 milljón, 2,5 milljónir, 41,5 milljónir og 5,9 milljónir evra, í þeirri röð, til frjálsra félagasamtaka. Að því er varðar sprotafé, hafa yfirvöld í Tékklandi, Lettlandi, Litháen og Póllandi til þessa lagt fram 560 000 evrur, 526 567 evrur, 566 000 evrur og 2 milljónir evra, í þeirri röð, til að styrkja umsækjendur við að undirbúa tilboð sín í framtíðinni.

16. Ef horft er fram á veginn, eru fyrirhugaðar 10 opnar auglýsingar eftir tillögum að andvirði meira en 330 milljónir evra: í Tékklandi (33,7 milljónir evra), Grikklandi (26 milljónir evra), Ungverjalandi (16,7 milljónir evra), Lettlandi (11,3 milljónir evra), Litháen (30 milljónir evra), Póllandi (176,8 milljónir evra), Portúgal (5,2 milljónir evra), Slóveníu (tvisvar sinnum 2,8 milljónir evra) og Slóvakíu (32,5 milljónir evra).

B. Umsóknir

17. Til þessa hafa 4.288 umsóknir verið lagðar inn til landsmiðstöðvanna í styrkriðjunum á grundvelli 12 af þeim 18 auglýsingum eftir tillögum sem hafa verið birtar. Það þýðir að eftirspurnin hafi verið 9,4 sinnum meiri en hægt var að anna. Þrjú hundruð og níutíu umsóknir að andvirði 497,5 milljónir evra hafa verið sendar til skrifstofu þróunarsjóðanna. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur farið yfir 240 umsóknir og gjafaríkin hafa þegar samþykkt 162 umsóknir að andvirði 253 milljónir evra. Gjafaríkin hafa til þessa hafnað tíu umsóknum.

18. Yfirlit í apríl 2007:

Verg heildarfjárhæð til ráðstöfunar	€1,17 mlja
Hrein heildarfjárhæð til ráðstöfunar	€1,11 mlja
Fjöldi auglýsinga eftir tillögum	18
Heildarfjárhæð til úthlutunar	€40 mljó
Innsendar auglýsingar (á grundvelli 12 auglýsinga af 18)	4,288
Hlutfall umframeftirspurnar (á grundvelli 12 auglýsinga af 18)	9,4
Umsóknir sendar til FMO	390
Heildarfjárhæð í umsóknum til FMO	€497,5 mljó
Fjöldi umsókna sem framkvæmdastjórnin hefur farið yfir	240
Fjöldi umsókna sem gjafaríki hafa samþykkt	162
Heildarfjárhæð í samþykktum umsóknum	€253 mljó
Fjöldi umsókna sem gjafaríki hafa hafnað	10

19. Þótt enn sé ekki langt um liðið, bendir fyrsta mat á því hvernig styrkríkin ætli að deila út fénu til þess að forgangsgeirarnir fái hæstu fjárhæðirnar: umhverfismál og menningararfleifð, næst á eftir koma Schengen, byggðastefna og samvinna, heilbrigðismál og umönnun barna, mannaður, rannsóknastarf í háskólum og sjálfbær þróun, í þeirri röð.

20. Yfirlitsupplýsingar um samþykkt verkefni eru aðgengilegar á vefsetrinu: <http://www.eeagrants.org/projects>. Unnt er að sundurliða verkefni 162, sem eru talin upp á vefsetrinu (eins og þau stóðu í apríl 2007), eftir forgangsgeirum á eftirfarandi hátt:

- | | |
|--|--|
| ○ Varðveisla evrópskrar menningararfleifðar 40 | ○ Fjármagn til frjálsra félagasamtaka 10 |
| ○ Heilbrigðismál og umönnun barna 26 | ○ Byggðastefna og svæðisbundið samstarf: 9 |
| ○ Schengen: 12 | ○ Umhverfismál: 10 |
| ○ Mannauður: 15 | ○ Fjármögnun námsstyrkja: 3 |
| ○ Tæknileg aðstoð: 12 | ○ Sprotafé: 4 |
| ○ Rannsóknir: 18 | ○ Sjálfbær þróun: 3 |

21. Umsóknirnar 162 sem hafa verið samþykktar skiptast þannig að 88 eru frá Póllandi, 36 frá Tékklandi, 9 frá Slóvakíu, 7 frá Möltu, 5 frá Portúgal og Slóveníu, 4 frá Ungverjalandi og Litháen, 3 frá Lettlandi og 1 frá Eistlandi.

22. Öllum styrkjunum, sem eru veittir, er að sjálfsgöðu ætlað að stuðla að þróun á tilteknu forgangssviði í styrkríkjunum. Í meirihluta verkefnanna, sem hafa verið samþykkt, eru aðeins staðbundnir verkefnisstjórar og samstarfsaðilar. Einhverjir hafa þó einnig leitað eftir samstarfsaðilum í gjafaríkjunum þremur eða leitast við að stuðla að samstarfi yfir landamæri og mannaskiptum milli styrkríkjanna og Íslands, Liechtensteins og Noregs.

23. Meðal hópstyrkjanna sem eru veittir, er það t.d. markmið tékkneska „skólasamvinnusjóðsins“ að veita tékkneskum borgurum ferðastyrki til að þeir geti farið til EFTA-ríkjanna innan EES. Markmið eins litháísku sjóðanna er að styðja yfirfærslu á norski þekkingu og góðum starfsvenjum til sveitarstjórna og héraðsstjórna í Litháen en markmið eins ungversku sjóðanna er að fjármagna samvinnu milli menntastofnana á sviði símenntunar og starfsmenntunar í Ungverjalandi og EFTA-ríkjunum þremur innan EES.

24. Meðal styrkjanna samkvæmt áætluninni má nefna að markmiðið með einu pólsku verkefnanna er að gera rannsóknastarf í Póllandi eftirsóknarverðara með samvinnu við rannsóknastofnun í einu EFTA-ríkjanna þriggja innan EES í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að ungir pólskir vísindamenn flosni upp frá pólskum rannsóknastofnunum. Þessir fjármunir munu vonandi verða til þess að ungir vísindamenn geti unnið áfram að rannsóknum sínum í Póllandi með áframhaldandi samvinnu við erlendar rannsóknastofnanir.

25. Samstarfsaðilar frá EFTA-ríkjum innan EES taka þátt í nokkrum einstökum verkefnum, sem hafa verið samþykkt. Þannig taka Samtök sveitarfélaga í Noregi (KS),

sem eru aðilar að ráðgjafarnefnd EFTA, þátt í pólsku verkefni sem miðar að því að efla getu pólskra sveitarstjórna.

26. Þá hafa einnig verið veittir styrkir til einstakra verkefna á sviði byggðastefnu og starfsemi yfir landamæri sem ætlað er að efla samvinnu við samstarfsaðila utan EES. Í tilviki Póllands er einu verkefni ætlað að fjármagna stofnun pólsk-úkraínskrar menntamiðstöðvar sem mun bjóða fjarnám fyrir sveitarstjórnarmenn og forystumenn í borgarasamtökum í Póllandi og Úkraínu; annað verkefni hefur það að markmiði að efla starfsemi yfir landamæri á vanþróuðum svæðum Karpatafjallasvæðisins (í Póllandi, Ungverjalandi, Rúmeníu, Slóvakíu og Úkraínu) með stofnun Karpata-húss. Loks er það markmið ungversks verkefnis að þjálfa fulltrúa borgarasamtaka, fagfélaga og samstaka aðila vinnumarkaðarins og staðaryfirvöld á Balkanskaga og í Úkraínu.

27. Ráðgjafarnefnd EES fagnar þeirri tegund verkefna sem nefnd eru hér að ofan en harnar á sama tíma að aðilar vinnumarkaðarins skuli til þessa ekki hafa tekið þátt í þeim. Umsóknir vegna verkefna verða að falla að gefnum forgangsgeirum en enginn þeirra er helgaður skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins og því hefur samtökum aðila vinnumarkaðarins reynst erfitt að leggja inn umsóknir sem lúta að sérþekkingu þeirra.

C. *Samvinna milli gjafaríkjanna og styrkríkjanna*

28. Nokkur styrkríki hafa á fyrstu tveimur árunum lýst áhyggjum sínum af því að lítið miði, að þeirra mati, við framkvæmd þróunarsjóðanna. Meira en tveimur árum eftir að þróunarsjóðunum að komið á fót er heildarframlag til samþykktra verkefna minna en fjórðungur þess fjár sem er til ráðstöfunar í styrki. Aðeins fjögur lönd (Tékkland, Lettland, Litháen og Pólland) hafa sett sprotasjóð á laggirnar. Að mati sumra hagsmunaaðila hefur seinagangurinn gert erfitt um vik við skipulagningu og gerð fjárhagsáætlana vegna umsóknarferlisins.

29. Pólskir ráðherrar byggðapróunar og umhverfismála sendu frá sér fréttatilkynningu í október 2006 sem bar heitið „Vandi við framkvæmd Þróunarsjóðs EFTA og Þróunarsjóðs Norðmanna“ þar sem þeir kvörtuðu undan því að ekki væri nægjanlegt fjármagn til ráðstöfunar til verkefna vegna tafa við samþykkt umsókna. Þeir fóru m.a. fram á að mat, sem pólskar framkvæmdareiningar gerðu, teldist fullnægjandi til að samþykkja umsóknir eða hafna þeim. Skrifstofa þróunarsjóðanna sendi frá sér skýringar ⁽⁴⁾ fyrir hönd gjafaríkjanna þar sem lögð var áhersla á þá skyldu bæði gjafaríkja og styrkríkja að fylgja þeim leiðbeinandi reglum og öðrum reglum sem allir aðilar samþykktu í upphafi. Samkvæmt reglunum myndu gjafaríkin leggja fram meira en 500 milljónir evra til ráðstöfunar í Póllandi á fimm ára tímabili, að því tilskildu að lagðar yrðu fram umsóknir um þessa fjárhæð til gæðaverkefna. Á grundvelli fenginnar reynslu er ekki réttlætjanlegt að ítarlegt mat skrifstofu þróunarsjóðanna á verkefnaumsóknum verði útilokað frá málsmeðferðinni. Mat var hluti ferlisins frá byrjun til að tryggja gæði verkefnanna.

30. Ráðgjafarnefnd EES telur mikilvægt að bæði styrkríki og gjafaríki fari eftir þeim leiðbeinandi reglum sem hafa verið samþykktar, en nefndin undirstrikar jafnframt

⁽⁴⁾ Fréttatilkynning á vefsetri FMO 20. október 2006 - <http://www.eeagrants.org/modules.php?op=modload&name=News&file=article&sid=56&mode=thread&order=0&thold=0>

mikilvægi þess að umsóknar- og samþykktarferlið hjá þróunarsjóðunum sé eins gagnsætt og skilvirkt og kostur er til að auðvelda umsækjendum að skipuleggja og gera fjárhagsáætlanir og til að tryggja að sem mest fjármagn sé til ráðstöfunar fyrir samþykktu umsækjendum eins fljótt og auðið er. Vegna þessa er nauðsynlegt að bæði landsmiðstöðvar í styrkríkjunum, svo og skrifstofa þróunarsjóðanna og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna í Brussel, búi yfir nægilegri getu til að veita hugsanlegum umsækjendum upplýsingar og leiðbeina þeim, svo og til að fara yfir og meta umsóknir fljótt og á skilvirkan hátt.

31. Styrkríkin og gjafaríkin stefna, þegar allt kemur til alls, að sama marki: að sjá til þess að góður árangur verði af starfi þróunarsjóðanna og tryggja efnahagslega og félagslega samheldni í stækkuðu EES, að því marki sem það er unnt. Mikilvægt er, til viðbótar því að gera núverandi ferla skilvirkari og gagnsærri, að gjafaríkin og styrkríkin efla samvinnu og skoðanaskipti sín í milli til að unnt verði að leysa hugsanleg vandamál og tafir eins fljótt og auðið er.

32. Fjöldi umsókna sem þróunarsjóðunum tveimur berst nú er nærri tíu sinni meiri en þeir fjármunir sem eru til ráðstöfunar, sem sýnir að mikil þörf er fyrir fjárstuðning í styrkríkjunum. Jafnframt beinir þessi ofurásókn í fjármögnun athyglinni að hugsanlegu vandamáli þar sem góðar umsóknir verða undir í baráttunni um verulega en um leið takmarkaða fjármuni og komast ekki í gegnum fyrsta matsstigið. Eitt sem þróunarsjóðir framtíðarinnar gætu gert er að minnka lágmarksstærð verkefna til að gera fleiri hagsmunaaðilum kleift að fá fjármuni til að leysa vanda sinn. Með því gæti lítill fjöldi hagsmunaaðila komið í veg fyrir þróun stórra verkefna sem aðeins örfá svæði í styrkríkinu myndu njóta ávinnings af. Með minni verkefnum næðist betri árangur í að efla samheldni byggða innan eins styrkríkis. Gjafaríkin ætti einnig að kanna þann möguleika að setja hámark á fjármögnunina þar eð styrkríkin ættu að vera í stakk búin að taka þátt í fjármögnun forgangsverkefna sinna.

33. Einnig er þýðingarmikið að styrkríkin fylgi eftir aðgerðum sem náðst hefur samkomulag um milli þeirra og gjafaríkjanna. Samtökum aðila vinnumarkaðarins í Tékklandi og Slóvakíu hefur, t.d., ekki verið veittur forgangur að fjármagni sem ætlað er frjálsum félagasamtökum í þessum löndum, þrátt fyrir loforð yfirvalda í EFTA-ríkjunum innan EES í þá veru. Erfitt er að ganga út frá fjármagni sem er ætlað frjálsum félagasamtökum þar eð samtök aðila vinnumarkaðarins eru ekki skilgreind sem slík og ættu ekki vera það. Í Póllandi, að minnsta kosti, var auglýsing eftir tillögum um fjármögnun af fé, sem ætlað var frjálsum félagasamtökum, þó sérstaklega beint að samtökum aðila vinnumarkaðarins. Það ætti að vera fyrirmynd að öllum auglýsingum um fjármögnun frjálsra félagasamtaka.

34. Í því tilviki sem varðar Pólland, varð niðurstaða árlegs fundar með gjafaríkjunum í nóvember 2006 sú að lögð var fram ítarleg framkvæmdaráætlun sem ætlað var að veita hugsanlegum umsækjendum betri yfirsýn yfir auglýsingar eftir tillögum í framtíðinni og úthlutanir eftir forgangsgeirum. Liður í þessu var að stofna sprotasjóð í desember 2006 til að styðja við hugmyndir að verkefnum pólskra aðila og samstarfsaðila þeirra í EFTA-ríkjunum þremur innan EES. Norska utanríkisráðuneytið skipulagði í janúar 2007 fyrsta málþing norskra og pólskra samstarfsaðila með þátttöku meira en eitt hundrað fulltrúa norskra samtaka sem komu til að afla sér upplýsinga og deila reynslu sinni.

35. Ráðgjafarnefnd EES lýsir yfir ánægju sinni með stofnun sprotasjóðs í Póllandi en harmar um leið að búið hafi verið að nota alla þá fjármuni, sem voru til ráðstöfunar, viku áður en umsóknarfresturinn rann út 15. febrúar 2007. Því var ekki unnt að taka til greina umsóknir sem voru lagðar inn eftir 9. febrúar. Ekki hafði verið tilkynnt almennilega um það fyrir fram að slíkt gæti hent og símatsferlið leiddi því til þess að góðum verkefnum var hafnað. Að minnsta kosti þrjár umsóknir frá samtökum aðila vinnumarkaðarins voru ekki teknar til greina vegna þessa. Nefndin hvetur yfirvöld í styrkríkjunum til að læra af þessum mistökum og koma í veg fyrir að hið sama gerist aftur í framtíðinni.

D. Reynsla aðila vinnumarkaðarins

36. Þegar þróunarsjóðirnir voru í undirbúningi og mótun lögðu aðilar vinnumarkaðarins í EES greinargóðar tillögur fyrir EES-ráðið um hvaða hlutverki þeir teldu að samtök aðila vinnumarkaðarins ættu að gegna í þróunarsjóðunum. Nefndin lagði sérstaka áherslu á mikilvægi þess að beina fjármunum að starfsemi sem miðar að því að efla skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins í styrkríkjunum og að hvetja aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum innan EES til að taka þátt í þess háttar verkefnum, m.a. með því að veita viðbótarsprotafé til aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum innan EES. Aðilar vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum innan EES, þar sem löng hefð er fyrir skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins, gætu miðlað mikilvægri kunnáttu og reynslu og stuðlað að jákvæðri, félagslegri þróun í styrkríkjunum.

37. Mikilvægar tillögur voru því miður ekki teknar til greina og hefur það orðið til þess að ekkert samþykktu verkefnum, sem til þessa hafa verið talin upp á vefsetri þróunarsjóðanna (miðað við 3. apríl 2007), virðist hafa það að markmiði að efla skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins í styrkríkjunum. Hingað til hafa fá samtök aðila vinnumarkaðarins í styrkríkjunum sótt um styrki. Þau geta að sjálfsögðu sótt um alla þá fjármuni sem eru til ráðstöfunar til umsækjenda, en þar eð ekki er lögð áhersla á sérsvið þeirra í neinum forgangsgeiranna níu, þ.e. að efla skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins, hefur samtökum aðila vinnumarkaðarins verið gert erfitt um vik að taka þátt í umsóknarferlinu. Nokkur styrkríkjanna hafa sérstaklega hvatt samtök aðila vinnumarkaðarins til að sækja um styrki af fjármunum sem eru ætlaðir frjálsum félagasamtökum. Samtök aðila vinnumarkaðarins, sem með réttu líta ekki á sig sem frjáls félagasamtök, munu ekki alltaf telja það eðlilegt að þau sækji um fjármuni úr þeim sjóðum.

38. Þótt mótun hins borgaralega samfélags og lýðræðisvæðingin skipti afar miklu máli og þurfi með réttu aðgreinda fjármögnun, ættu yfirvöld ekki lengur að líta á samtök aðila vinnumarkaðarins sem frjáls félagasamtök og samtökin ættu að geta sótt um fjármuni undir aðgreindum lið. Viðurkenna ber hið einstæða hlutverk, sem samtök aðila vinnumarkaðarins gegna, eða ættu að gegna, innan EES með tilliti til vinnumarkaðarins og tengsla hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins, og styðja við það. Þróunarsjóður EFTA og Þróunarsjóður Norðmanna gætu stuðlað að þessu með því að móta aðgreinda sjóði, styrki og forgangsgeira til að efla skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins í styrkríkjunum.

39. Lykilþáttur í starfi Þróunarsjóðs EFTA og Þróunarsjóðs Norðmanna hefur verið að fela styrkríkjunum mikla ábyrgð á hendur. Ráðgjafarnefnd EES lýsir ánægju sinni

með það ferli en vekur líka athygli á hugsanlegu, pólitísku óvissuástandi, sem þessu tengist, þar sem einstöku ríkisstjórnir sýna ekki endilega nægan vilja til að skuldbinda sig gagnvart samtökum aðila vinnumarkaðarins og skoðanaskiptum milli sömu aðila. Þar eð hið síðarnefnda er í föstum skorðum í ESB (skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins í ESB) og í EFTA-ríkjunum, ættu EFTA-ríkin innan EES sem gjafaríki að vera í aðstöðu til að krefjast þess, ef nauðsyn krefur, að í leiðbeinandi reglum um framkvæmd þróunarsjóðanna verði sérstakur liður um öflugan samstarfsaðila úr röðum aðila vinnumarkaðarins – og um skoðanaskipti milli þeirra. Þessar breytingar ætti að gera á núverandi leiðbeinandi reglum, að því marki sem það er unnt, en það sem meira er, leiðbeinandi reglur fyrir þróunarsjóði í framtíðinni (t.d. fyrir Búlgaríu og Rúmeníu), ættu að endurspeglar mikilvægi þess að efla skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins í styrkríkjunum.

40. Norska utanríkisráðuneytið tilkynnti 22. febrúar 2007 um stofnun nýs sjóðs sem ætlað er að efla samvinnu á sviði rannsókna milli Noregs og Póllands. Heildarfjárhæðin til sjóðsins, 120 milljónir norskra króna (nærri 15 milljónir evra), skiptist þannig að Pólverjar leggja fram 20 milljónir norskra króna og Þróunarsjóður Norðmanna 100 milljónir. Pólskir hagsmunaaðilar, sem vilja sækja um fjármagn, verða að hafa að minnsta kosti einn norskan samstarfsaðila með í verkefninu. Taka ætti til athugunar hvort unnt væri að stofna sambærilegan sjóð til að styðja aukna samvinnu milli samtaka aðila vinnumarkaðarins í styrkríkjunum og gjafaríkjunum þremur.

41. Samtök aðila vinnumarkaðarins í styrkríkjunum geta einnig notið góðs af sprotasjóðum. Fram til þessa hafa þó aðeins fjórir slíkir sjóðir verið settir á laggirnar. Miklu skiptir að slíkir sjóðir séu stofnaðir í öllum styrkríkjunum svo fljótt sem auðið er og að EFTA-ríkin innan EES leggi einnig fram sprotafé til viðbótar við þróunarsjóðina til að gera hagsmunaaðilum í EFTA-ríkjunum innan EES auðveldara um vik að móta hugmyndir að verkefnum og miðla af kunnáttu sinni þegar í upphafi. Ef hins vegar reynist ekki unnt að koma á fót sprotasjóðum í öllum styrkríkjunum ætti að beina hluta fjárens í það að efla skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins í viðkomandi löndum.

42. Þversagnakennt eins og það kann að hljóma, hafði tilkoma þróunarsjóðanna á árinu 2004 neikvæðar breytingar í för með sér á fjármögnun á starfi aðila vinnumarkaðarins í Mið- og Austur-Evrópu og á aðkomu aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum innan EES að því. Fram til ársins 2004 höfðu þessir aðilar stofnað til náinna tengsla við systursamtök í ríkjunum sem biðu aðildar fyrir tilstilli verkefna og samvinnu, sem ráðuneyti í EFTA-ríkjunum innan EES fjármögnuðu, og þar með jókst þekking á skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins og þróun þeirra í þessum löndum, en frá og með árinu 2004 var nýju þróunarsjóðunum ætlað að hafa umsjón með öllu samstarfi. Það reyndist hins vegar erfiðleikum bundið, þar eð forgangssvið hafði ekki verið mótað sérstaklega, í því skyni að efla skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins og efla tengsl þeirra við hið opinbera í styrkríkjunum, og aðilar vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum innan EES höfðu ekki aðgang að nauðsynlegu sprotafé heima fyrir. Hætta er á að þetta tefli samstarfinu, sem stofnað var til fyrir 2004, í tvísýnu.

43. Af hálfu EFTA-ríkjanna innan EES hafa nokkur samtök aðila vinnumarkaðarins, s.s. Samtök sveitarfélaga í Noregi og norska Alþýðusambandið, nú þegar hafið, eða eru að búa sig undir, samstarf um verkefni sem njóta stuðnings Þróunarsjóðs EFTA og Þróunarsjóðs Norðmanna, á forgangssviðum eins og eflingu mannauðs, svæðasamvinnu

og rannsóknum. Í verkefnum þessum, sem þó eru afar þýðingarmikil, er að jafnaði ekki, og verður ekki, lögð áhersla á að efla skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins.

44. Með öðrum orðum, vandinn snýst í sjálfu sér ekki um aðgang að fjármagni, heldur eru vandkvæði á að sækja um fjármuni sem með beinum hætti er ætlað að efla skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins. Annar vandi er sá að mörgum samtökum aðila vinnumarkaðarins reynist erfitt að leggja fram eigin hluta fjármögnunarinnar (10–15%) sem þróunarsjóðirnir gera kröfu um.

45. Ráðgjafarnefnd EES lýsir yfir ánægju sinni með virka þátttöku hagsmunaaðila í EFTA-ríkjunum innan EES í verkefnum í styrkríkjunum en elur með sér þá von að unnt verði að leggja sérstaka áherslu á aukna þátttöku aðila vinnumarkaðarins í verkefnum, sem miða að því að efla skoðanaskipti þeirra í milli, og á leiðir til að aðstoða samtök þeirra við fjármagna sjálf eigin verkefni. Einnig ætti að efla frekar samstarf yfir landamæri, m.a. samstarf með þátttöku landa utan EES (t.d. Úkraínu og Hvíta-Rússlands). Meira er hægt að gera til að kanna þann möguleika að samstarfsaðilar í EFTA-ríkjunum innan EES taki einnig þátt í nokkrum verkefnum sem nefnd eru hér að framan.

IV Horft fram á veginn: Búlgaría og Rúmenía og árin eftir 2009

46. Ráðgjafarnefnd EES tekur undir það að ekki hvílir nein lagaskylda á herðum EFTA-ríkjanna innan EES að leggja sitt af mörkum til efnahagslegrar og félagslegrar samheldni í Evrópu en fagnar því á sama tíma að EFTA-ríkin innan EES hafi skuldbundið sig, bæði pólitískt og fjárhagslega, til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi í stærra EES, m.a. í Búlgaríu og Rúmeníu. Nefndin harmar að ekki hafi samtímis getað orðið af aðild þessara tveggja landa að ESB og EES 1. janúar 2007. Nefndin lýsir þó yfir ánægju sinni með endanlega niðurstöðu samningaviðræðnanna sem náðist 29. mars 2007. Samkvæmt samningnum munu EFTA-ríkin innan EES á næstu tveimur árum (til 30. apríl 2009) greiða 72 milljónir evra til Búlgaríu og Rúmeníu og munu fjármunirnir fara um Þróunarsjóð EFTA. Að auki mun Noregur leggja 68 milljónir evra í tvíhliða samstarfsáætlanir, 20 milljónir evra til Búlgaríu og 48 milljónir evra til Rúmeníu. Þessar tvíhliða áætlanir eru nýlunda, ef borið er saman við Þróunarsjóð EFTA, og munu Norðmenn samræma þær. Með tvíhliða áætlunum verður leitast við að stuðla að efnahagslegri og félagslegri þróun í styrkríkjunum tveimur, þar sem sérstök áhersla verður lögð á yfirfærslu nýsköpunar og tækni og á verkefni með norskum samstarfsaðilum, sem og búlgörskum og/eða rúmenskum.

47. Afar þýðingarmikið er, að mati aðila vinnumarkaðarins innan EES, að þróunarsjóðirnir fyrir Búlgaríu og Rúmeníu víki örlítið frá þeim þróunarsjóðum sem fyrir eru og að innan þeirra verði nýtt forgangssvið sem lýtur að því að efla skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins í þessum nýju styrkríkjum. Reynsla aðildarríkjanna tíu sem gengu í ESB 2004 hefur til þessa leitt í ljós að samtök aðila vinnumarkaðarins sæki aðeins í litlum mæli um styrki úr sjóðum ætluðum frjálsum félagasamtökum eða um styrki á öðrum forgangssviðum. EFTA-ríkin innan EES þurfa því að ganga hart fram eftir því, í viðræðum sínum við stjórnvöld í Búlgaríu og Rúmeníu, að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi sérstöku hlutverki að gegna og tryggja að skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins verði aðgreindur forgangsgeiri við mótun og framkvæmd nýju þróunarsjóðanna. Þegar tvíhliða áætlanir milli Noregs og nýju EES-ríkjanna tveggja eru annars vegar, er mikilvægt að norsk stjórnvöld taki forystuna

við mótun og framkvæmd sjóðanna og að með þess lags ferli geti þau tryggt að skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins verði aðgreint forgangssvið.

48. Þróunarsjóðirnir sem nú starfa renna skeið sitt á enda 30. apríl 2009. Þar eð aðeins eru tvö ár til stefnu er mikilvægt að fara að huga að því hvað taki við að þessum tíma liðnum. Enn hvílir engin lagaskylda á herðum EFTA-ríkjanna innan EES að halda áfram að leggja til fjármuni en þau ættu að gefa til kynna að þau séu fús að halda áfram að styðja efnahagslega og félagslega samheldni innan EES, bæði pólitískt og fjárhagslega, m.a. eftir að yfirstandandi styrkjatímabili lýkur. Aðilar vinnumarkaðarins innan EES og borgarasamtök eru áhugasöm um að hefja viðræður við viðeigandi EES-stofnanir og hvetja þær til að taka aftur upp umræðuefni af fundum og úr ályktunum síðustu ára. Á grundvelli fenginnar reynslu væri mikilvægt að setjast niður snemma í ferlinu með öllum viðeigandi hagsmunaaðilum innan EES (aðilum vinnumarkaðarins, borgarasamtökum, sveitarstjórnnum og héraðsstjórnnum, rannsóknastofnunum, o.s.frv.) og ræða hvað mætti betur fara í starfsemi þróunarsjóðs sem hugsanlega yrði settur á laggirnar eftir 2009. Afar mikilvægt er að skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins verði gerð að aðgreindu forgangssviði í öllu fyrirkomulagi sem verður eftir 2009 þar sem það er eina leiðin til að tryggja betri samskipti samtaka aðila vinnumarkaðarins sín í milli og betri samskipti þessara aðila og hins opinbera. Þar eð þetta er skilyrði fyrir aðild að ESB, ætti það einnig að vera eðlilegur hluti Þróunarsjóðs EFTA og Þróunarsjóðs Norðmanna.

49. Við skipulagningu þróunarsjóðanna eftir 2009 ætti að huga að öðrum úthlutunarviðmiðum, s.s. stærð, til viðbótar við mannfjölda og verga landsframleiðslu. Mikilvægt er, til að ryðja alvarlegum hindrunum úr vegi þróunar, að sameiginlegur skilningur sé á grundvallarreglum um mat, að veittur stuðningur stuðli eindregið að samheldni byggða í styrkríkinu og að stuðningur sé aðgengilegur mismunandi hagsmunaaðilum og til mismunandi verkefna sem þurfa bráðnaúðsynlega á stuðningi að halda. Stuðningur, sem ætlað er að varðveita menningararfinn, ætti fyrst og fremst að fara í að hugsa um muni sem hafa menningarlega þýðingu en hafa af ýmsum ástæðum legið undir skemmdum eða verið vanræktir. Fari svo að sótt verði um tíu sinnum meira fé en til ráðstöfunar er, eins og gerst hefur í tíð núverandi þróunarsjóða, ættu gjafa- og styrkríkin að huga betur að upphaflegum lista umsækjenda og kanna hvernig þróunarsjóðirnir gætu náð til fleiri aðila.

V Svissneska fjármagnskerfið

50. Lagagrundvöll svissneska fjármagnskerfisins (Þróunarsjóðs Sviss) er að finna í sambandslögunum um samvinnu við lönd Austur-Evrópu, sem svissneska þingið samþykkti 24. mars 2006 og svissneskir kjósendur staðfestu í þjóðaratkvæðagreiðslu 26. nóvember 2006. Í lögunum er m.a. kveðið á um hefðbundna aðstoð við umbætur á sviði lýðræðis, félagsmála og markaðsbúskapar í fyrrum kommúnistaríkjum Austur-Evrópu og í fyrrum Sovétríkjunum og um aðstoð vegna stækkunarinnar eða til að efla samheldni til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi í þeim 10 aðildarríkjum sem gengu í ESB þegar það var stækkað 2004.

51. Sviss mun samtals leggja fram 1 milljarð svissneskra franka (CHF) til að styðja við verkefni og áætlanir í styrkríkjunum tíu. Verkefni munu njóta stuðnings í fimm ár að hámarki en greiðslur verða inntar af hendi á tíu ára tímabili.

52. Í viljayfirlýsingu sem Sviss og ESB gerðu sín í milli er að finna allar nánari upplýsingar um framlag Sviss til stækkunarinnar, m.a. hvernig það skiptist milli landsvæða og hvernig megi nota það.

53. Skipting fjármunanna byggir á fyrirkomulagi sem Þróunarsjóður EFTA og Þróunarsjóður Norðmanna nota og er sem hér segir ⁽⁵⁾:

Land	Milljónir CHF	Land	Milljónir CHF
Pólland	489,020	Lettland	59,880
Ungverjaland	130,738	Eistland	39,920
Tékkland	109,858	Slóvenía	21,956
Litháen	70,858	Kýpur	5,988
Slóvakía	66,866	Malta	2,994

54. Framlag Svisslendinga rennur til þeirra forgangssviða sem talin eru upp hér að neðan:

- öryggi, stöðugleiki og umbætur,
- grunnvirki og umhverfismál,
- efling einkaframtaks,
- og þróun manneskju og samfélags.

Sviðin sem fjármunirnir renna til verða valin og þau sett í forgangsröð eftir því hverjar þarfir hvers og eins styrkríkis eru.

55. Í viljayfirlýsingunni milli Sviss og ESB er að finna dæmi um þróun manneskju og samfélags, s.s. að efla getu opinberrar stjórnarsýslu á vettvangi ríkis, héraðsstjórna og sveitarstjórna, tækni- og starfsþjálfun, rannsóknir og þróun, heilsugæslu, að stofna til vinabæjartengsla milli borga og bæja, stuðning við alþjóðleg framtaksverkefni á sviði þróunar. Ekki er sérstaklega minnst á samtök aðila vinnumarkaðarins eða borgarasamtök og áhugavert verður að sjá að hvaða marki framlag Svisslendinga muni fara til stuðnings verkefnum þar sem þessi samtök í styrkríkjunum koma við sögu.

56. Skuldbindingar Sviss gagnvart nýjum aðildarríkjum ESB eru mjög svo til marks um samstöðu Svisslendinga með öðrum þjóðum Evrópu, en á sama tíma undirstrika stjórnvöld í Sviss skýra eiginhagsmuni þeirra sem búa að baki svissneska framlaginu: þróunarsamvinna gæti leitt til beins fjárhagslegs ávinnings í formi samninga og umboða sem svissnesk fyrirtæki gætu fengið; aðstoð Sviss myndi leiða til þess að svissnesk fyrirtæki yrðu sýnilegri og svissneskt efnahagslíf myndi almennt njóta góðs af aukinni samheldni í Evrópu.

57. Svissnesk stjórnvöld munu nú gera tvíhliða rammasamninga við hvert styrkríki þar sem skilgreint verður hvernig samstarfinu verði háttáð og hvaða verkefni Svisslendingar séu reiðubúnir að styrkja. Ekki er hægt að undirrita samningana og þeir öðlast ekki gildi fyrr en eftir að þingið hefur samþykkt heildarfjárframlagið að fjárhæð einn milljarður CHF (umræður fara fram vor og sumar 2007). Í hverju ríki verður komið á fót samhæfingareiningu til að fara yfir umsóknir á grundvelli viðmiða í

⁽⁵⁾ Samþættingarskrifstofa Sviss (EDA/EVD): framlag vegna stækkunar (febrúar 2007) - <http://www.europa.admin.ch/themen/00499/00503/00562/index.html?lang=en>

rammasamningnum. Einingin mun síðan senda umsóknirnar til stjórnvalda í Sviss – þróunar- og samvinnustofnunar Sviss (The Swiss Agency for Development and Cooperation (SDC)) og efnahagsráðuneytisins (The State Secretariat for Economic Affairs (seco)) – sem munu taka ákvörðun um hvaða umsóknir verði fjármagnaðar.

58. Í ársbyrjun 2007 barst svissnesku samþættingarskrifstofunni opinber beiðni frá framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna með tilliti til fjárstuðnings við Búlgaríu og Rúmeníu. Evrópusambandið og Sviss hafa tekið upp viðræður sem hugsanlega gætu leitt til þess að Sviss myndi leggja til u.þ.b. 300 milljónir CHF. Innan ramma laganna um samvinnu við Austur-Evrópu væri unnt að láta framlagið ná til Búlgaríu og Rúmeníu. Til þess að svo megi verða þarf hins vegar að koma til ákvörðun þingsins og hugsanlega þyrfti að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu. Á undanförunum árum hefur Sviss veitt 25 milljónum CHF á ári hverju til Búlgaríu og Rúmeníu. Þessu framlagi lauk hins vegar 1. janúar 2007 þegar löndin gengu í ESB.